

Reykjavík 8. desember 2010

Ályktun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til ríkisstjórnar og sveitarfélaga

Nú þegar gerð fjárlaga fyrir árið 2011 stendur yfir, vilja Barnaheill - Save the Children á Íslandi beina því til ríkisstjórnar og sveitarfélaga að þau standi vörð um réttindi barna og skerði umfram allt ekki þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra á sviði menntamála, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest, skulu öll börn njóta sömu réttinda, óháð stöðu þeirra og foreldra þeirra. Öll börn eiga meðfæddan rétt til lífs og þroska og öll börn eiga rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun. Öll börn eiga rétt á góðri heilsu, umönnun og vernd. Áframhaldandi niðurskurður í menntakerfi, heilbrigðis- og félagsþjónustu getur haft alvarleg áhrif á stöðu fjölda barna í nútíð og framtíð.

Þegar þrengir að í íslensku samfélagi er mjög mikilvægt að hlúa að menntun. Slíkt hefur verið gert áður í þrengingum hér á landi og gefist vel. Sterk efnahagsleg rök hníga að því að skerða alls ekki skólagöngu barna og ungmenna heldur auka við hana á krepputímum ef þess er nokkur kostur.

Á undanförunum tveimur árum hefur verið verulegur niðurskurður í grunnskólum landsins. Samkvæmt könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga á hagræðingaraðgerðum sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum, sem gerð var haustið 2009, er mestur niðurskurður í forfallakennslu og stuðningskennslu, á kaupum til kennslugagna, til vettvangsferða auk þess sem samkennsla hefur verið aukin. Þessi niðurskurður hefur aukið verulega álag á kennara og annað starfsfólk skólanna. Nú eru uppi hugmyndir hjá sveitarfélögum um frekari niðurskurð sem felast í því að skerða nám barna um allt að fimm tíma á viku, eða sem nemur allt að fimm vikum á ári. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja þessar hugmyndir óásættanlegar. Slíkt mun skerða menntun barnanna og er óafturkræft. Það er skaði sem verður ekki bættur, þó tímafjöldi verði aukinn síðar. Hópur barna í íslensku samfélagi mun þá hafa fengið minni menntun en önnur börn.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi benda á mikilvægi þess að ríki og sveitarfélög læri af þeim þjóðum sem hafa reynslu af því að ganga í gegnum efnahagsþrengingar og forðist að gera sömu mistök og þær. Í skýrslu nefndar á vegum heilbrigðisráðuneytis um sálfélagsleg viðbrögð við efnahagskreppunni, er vitnað í reynslu Finna um áhrif kreppu á börn þar í landi. Þar segir m.a. að ekki sé aðeins mannúðlegt að þetta sálfélagslegt net í kringum börn, unglinga og atvinnuleitendur á tímum kreppu og atvinnuleysis, heldur sé það ódýrara en að gera það ekki.

Jafnræði til náms er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa þungar áhyggjur af þeim niðurskurði í skólakerfinu sem nú þegar hefur komið til framkvæmda. Samtökin hvetja sveitarfélög til að standa vörð um menntun barnanna, sérkennslu, aðstoð við heimanám og stuðning við börn innflytjenda. Grunnskólinn er grunnþjónusta sem ber að standa vörð um.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hvetja ríkisstjórn og sveitarfélög til að forgangsraða upp á nýtt og setja öll börn þessa lands í fyrsta sæti.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri